

AUGLÝSING

um fyrirkomulag kennslu, prófa og námsmats háskólaárið 2020–2021.

Þrátt fyrir ákvæði reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 569/2009 og annarra reglna Háskólans sem í gildi eru um kennslu, fyrirkomulag prófa og námsmat gildir eftirfarandi ákvæði um háskólaárið 2020–2021:

Í ljósi aðstæðna sem skapast hafa vegna COVID-19 veirufaraldursins og fyrirmæla stjórnvalda í því efni og þar með áhrifa á starfsemi Háskóla Íslands er fræðasviðum og deildum heimilt í nánú samráði við kennslusvið að ákveða með hvaða hætti framkvæmd kennslu, prófa og námsmats vegna haust- og vormisseris háskólaársins 2020–2021 verður fyrir komið. Tryggt verði eftir föngum að gera nemendum kleift að stunda nám og ljúka þeim námskeiðum sem þeir eru skráðir í. Um námsmat fer eftir gildandi reglum eftir því sem frekast er unnt.

Auglýsing þessi, sem háskólaráð hefur samþykkt, er birt með stoð í lögum nr. 85/2008 um opinbera háskóla og taka ákvæði hennar þegar gildi.

Háskóla Íslands, 10. september 2020.

Jón Atli Benediktsson.

Þórður Kristinsson.

B-deild – Útgáfud.: 25. september 2020